



# bÚMENN

SUÐURLANDSBRAUT 54 • 108 REYKJVÍK • SÍMI: 552 5644 • FAX: 552 5944 • www.bumenn.is

## Stjórn Búanna endurkjörin.

Á aðalfundi Búanna þann 10. júní s.l. var stjórn Búanna endurkjörin. Guðrún Jónsdóttir var endurkjörin sem formaður. Steinunn Finnbogadóttir varaformaður og Steinar Júlíusson voru kjörin til tveggja ára. Fyrir í aðalstjórn voru Sigurveig Sigurðardóttir og Úlfur Sigurmundsson. Varamenn voru endurkjörin þau Ásgeir Hjálmarsson, Eyrún Eiríksdóttir og Jón Helgason.

## Íbúðir Búanna í dag.

Í dag eiga Búmenn alls 261 íbúð í notkun í eftirfarandi 11 sveitarfélögum:

Akureyri	33
Bessastaðahreppi	18
Garði í Gerðahreppi	20
Grindavík	10
Hveragerði	16
Höfn í Hornafirði	9
Kirkjubæjarklaustri	2
Kópavogi	39
Reykjavík	96
Sandgerði	8
Vogum	10

Í byggingu nú eru íbúðir í Garði, Kirkjubæjarklaustri, Reykjavík og Sandgerði. Í undirbúningi eru byggingar á Akureyri, Grindavík og í nýjum sveitarfélögum svo sem Akranesi, Borgarnesi, Reykjanesbæ og Selfossi.



## 50 íbúðir verða byggðar við Grænlandsleið í Grafarholti

Vel gengur að selja búseturétt í íbúðum félagsins við Grænlandsleið í Grafarholti. Byggðar verða tvær þyrpingar, annars vegar 16 íbúðir neðan götu og 10 íbúðir ofan götu og hins vegar 16 íbúðir neðan götu og 8 íbúðum ofangötu. Þann 29.

janúar s.l. voru fyrstu 16 íbúðir Búanna við Grænlandsleið afhentar. Fyrirhugað er að afhenda 16 íbúðir við Grænlandsleið 22-36 um miðjan desember og 10 íbúðir við Grænlandsleið 45-53 um miðjan febrúar 2005.

## Samráðsfundur formanna búsetufélaga og formanna deilda Búanna.

Á aðalfundi félagsins á dögum urðu nokkrar umræður um ný lög um húsnæðisfélög og drög að samþykktum fyrir félagið sem allir fundargestir fengu á fundinum. Á fundinum var ákveðið að boða formenn búsetufélaga og formenn deilda Búanna til sérstaks samráðsfundar

um samþykktirnar. Almennir félagsmenn gætu fyrir þann fund komið athugasemdum á framfæri við þessa aðila ef einhverjar eru. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 12. nóvember 2004 á Grand Hótel Reykjavík kl. 14.00 í sal hótelsins er nefnist Dalur.

# Nýjar áherslur

Markmið félagsins er að þjóna félagsmönnum sínum sem best og hlutverk stjórnar er m.a. að fylgjast með nýjungum og þróa hugmyndir sem orðið gætu til hagsbóta á allan hátt fyrir félagsmenn. Starfsmenn og stjórn félagsins eru jú að vinna fyrir félagið og félagsmenn Búmannanna.

Á aðalfundinum kom m.a. fram í ræðu formanns að stjórn félagsins hefur litið til þess að útvíkka starfsemi félagsins á sviði þjónustu við félagsmenn.

M.a. hefur stjórnin hugleitt möguleikana á því að sinna fólki sem getur búið í eigin húsnæði en þarf vissa umönnun og öryggi allan sólarhringinn. Vinnuheitið fyrir þessa umræðu er orðið "HEIMILISVERND". Stjórnin hefur m.a. í þessu sambandi farið í heimsóknir á ýmsa staði sem bjóða upp á þjónustu fyrir eldra fólk þar sem starfsmenn sjá m.a. um mat, aðstoða fólk og eru til staðar allan sólarhringinn ef einhver þarf á hjálp að halda.

Nú í febrúar fór stjórn Búmannanna í heimsókn til systursamtaka Búmannanna í Kaupmannahöfn til þess að kynna sér starfsemi húsnæðissamvinnufélaga sem leggja áherslu á mismunandi mikla þjónustu við eldra fólk. Danir byggja kjarna / Center þar sem hefðbundnar íbúðir eru í bland við íbúðir sem ætlaðar eru fyrir fólk sem þarfnast meiri þjónustu. Í einum slíkum kjarna voru íbúðirnar byggðar umhverfis yfirbyggt torg. Þar var gert ráð fyrir að menn gætu flust úr venjulegum íbúðum yfir í heimilisverndaðar íbúðir sem þarna voru þegar þörf skapaðist fyrir aukna aðstoð. Lögð er áhersla á að fólk búi í ígildi íbúðar sem það ræður yfir þótt þjónustustig sé aukið.

Á yfirbyggða torginu var m.a. þvottahús fyrir íbúana, bekkir, borð og margvíslegur gróður. Gengið var inn í allar íbúðirnar frá torginu og allt hvatti þetta til meiri samveru íbúanna. Yfirleitt var talað um að tækifæri til samveru og sameiginlegrar athafnasemi þyrfti að auka með öllum tiltækum ráðum svo að fólk einangraðist síður inni í íbúðum sínum. Á öðrum stað var verið að gera tilraun með að fólk fengi hlutverk í sambandi við heimilisrekstur og sam hjálp eftir getu hvers og eins.



Á myndinni eru stjórnarmenn á yfirbyggðu torgi í Ældrecenter Egely í Ballerup.

Þess má geta að mörg ár eru síðan Danir hættu að byggja elli- og hjúkrunarheimili í hefðbundnum skilningi.

Önnur grein af sama meiði er samstarf Búmannanna við sveitarfélög eins og Sandgerði. Þar eru Búmenn að taka að sér að framkvæma stórvirki í miðbæ Sandgerðis sem kemur til með að hafa geysilega þýðingu fyrir ásýnd bæjarins og fyrir alla íbúa bæjarins og þá ekki síst sem þar búa á okkar vegum. Í húsinu sem mun standa við Miðnestorg, eru auk Búmannaiðbúða bókasafn, þjónusta á

bæjarbúar á öllum aldri geta hist á virkum dögum jafnt sem á hátíðum og tyllidögum. Eignarhald í húsinu verður 1/3 í eigu Búmannanna; 1/3 í eigu Sandgerðisbæjar og 1/3 í eigu einkahlutafélags Búmannanna.

Gerður hefur verið samningur við sveitarfélagið um leigu á því húsnæði sem tilheyrir einkahlutafélaginu til 25 ára eða á meðan lánin eru greidd upp en eftir þann tíma mun félagið eiga eignina skuldlaus. Það er Húsagerðin ehf. í Keflavík sem byggir húsið enda voru þeir lægstir í útboði um byggingu þess.



Frsta skóflustunga var tekin 6. febrúar 2004 af Steinunni Finnbogadóttur, varaformanni stjórnar Búmannanna og Guðrúni Sif Pétursdóttur. Guðrún Sif er 14 ára og var hún fulltrúi þess bekkjar Grunnskóla Sandgerðis sem er jafn gamall bæjarfélaginu.

vegum sveitarfélagsins, samveru- rými af ýmsu tagi og eldhús sem sinnir öllum stofnunum sveitarfélagsins. Þá er gert ráð fyrir fallegum almenningsgarði við húsið þar sem

Einnig hefur verið rætt við önnur sveitarfélög sem sýnt haf því áhuga að ræða við Búmenn um samstarf á þessu sviði.

# Endurskoðun á lögum um húsnæðissamvinnufélög

Á árinu 2001 skipaði félagsmálaráðherra sérstaka nefnd til að endurskoða lögum um húsnæðissamvinnufélög.

Frumvarpið var samþykkt og lögum tóku gildi 1. júlí 2003. Aðal breyting nýju laganna er að þau kveða ekki lengur á um kaupskyldu búseturéttar. Með öðrum orðum gætu Búmenn afnumið kaupskyldu félagsins á búseturétti.

Þetta gerist þó ekki nema með breytingum á samþykktum félagsins sjálfs. Einnig er í lögum opnað fyrir það að eigendur búseturéttar geti selt búseturétt sinn þeim aðila sem vill greiða hæsta verð fyrir hann. Þetta breytir samt ekki því að Búmenn hsf. eiga alltaf íbúðirnar og einungis er verið að tala um búseturéttinn.

Á síðasta aðalfundi félagsins var

samþykkt að Laganeftnd Búmannafengi það hlutverk að vinna drög að nýjum samþykktum fyrir félagið. Laganeftndin hefur skilað af sér drögum að nýjum samþykktum. Stjórn Búmannafestu farið yfir drögin og er sammála laganeftndinni um að fara ekki út í röttækur breytingar á samþykktum félagsins. Drög að nýjum samþykktum voru lögð fram til skoðunar fyrir félagsmenn á aðalfundi félagsins 10. júní s.l. og verður stefnt að því að næsta vor verði samþykktirnar teknar til atkvæðagreiðslu á sérstökum félagsfundi og hafa þá félagsmenn um eitt ár til að kynna sér drögin. Drög að samþykktum félagsins eru á heimasíðu félagsins, þ.e. [www.bumenn.is](http://www.bumenn.is), undir kaflanum fréttir.

# Hærra lánshlutfall

Síðan umræðan um hækkan lánshlutfalls lána íbúðalánasjóðs hófst á síðast ári hefur mikið verið spurt um það hvort Búmenn muni hækka lánshlutfallið í íbúðum sínum. Félagið hefur brugðist við þessu og býður nú yfirleitt lánshlutfallið á bilinu 80-90% í dag. Ástæðan fyrir þessu lánshlutfalli er sú að íbúðalánssjóður lánar hæst 90% í íbúðum en einungis 65% í bilgeymslum, sem gerir það að verkum að heildar lánshlutfall lækkar ef bílskúr fylgir íbúð. Ekki er hægt að hækka lánshlutfall á þeim íbúðum sem nú þegar hafa verið teknar í notkun og býið að þinglýsa lánnum á. Búmenn hafa látið á það reyna en því var hafnað.

# Kynningarfundur um nýtt skipulag í Reykjanesbæ

Búmenn hafa reynt í mörg ár að fá lóðir í Reykjanesbæ en án árangurs. Á fjölmennum fundi aðalfundar Suðurnesjudeildar Búmannafélags Keflavíkur 24. maí s.l. var m.a. kynnt nýtt skipulag af svæði sem Meistarahlúsi ehf. hafa fengið úthlutað í Innri Njarðvík. Á fundinum kom skýrt fram í skoðanakönnun sem gerð var meðal þátttakenda að 3ja herbergja um 90 fm.

Íbúðir í parhúsum ásamt bílskúr var sú tegund íbúða sem fólk á svæðinu hafði mestan áhuga á. Það kom mjög á óvart að ekki heyrðist óánægjurödd á fundinum varðandi svæðið sem fyrirhugað er að byggja á í Innri Njarðvík. Fyrirhugað er að byggja 40-50 íbúðir ásamt um 100 fm. sameignarhúsi á svæðinu. Fyrirhugað er að húsin verði staðsteypt eða forsteypt parhús á einni hæð og verða íbúðir Búmannafestu í Garðinum



Myndin sýnir líkan af svæðinu sem er í vinnslu og má sjá til hægri á myndinni jaðar gömlu byggðarinnar og efst á myndinni við ströndina eru m.a. bílastæði er tengjast safni sem geyma mun víkingaskipið Íslending.

hafðar til hliðsjónar við hönnun húsa. Haldinn verður kynningarfundur fimmtudaginn 2. september n.k. í Verkalíðs- og sjómannafélagi Keflavíkur kl. 20.00.

# Höfn í Hornafirði

Þann 13. maí s.l. voru fjórar íbúðir teknar í notkun á Höfn í Hornafirði. Íbúðirnar eru tveggja herbergja rúmlega 70 fm. í raðhúsi við Víkurbraut 32. Um er að ræða frábærar útsýnisíbúðir á Lönguhólum við hlið Ekrunnar sem er fjölbýlishús fyrir eldri borgara en þar eiga Búmenn 5 íbúðir í fjölbýli fyrir.



Myndin var tekin við afhendingu íbúðanna.



Myndin sýnir útsýnið úr íbúðunum og sést í hús Ekrunnar til vinstri.

# Kirkjubæj- arklaustur

Stefnt er að því að afhenda 2 íbúðir í parhúsi við Túngötu 6 og 8 á Klaustri í lok ágúst. Fyrirhugað er að byggja 2 íbúðir til viðbótar á staðnum og verða þá alls 6 íbúðir á svæðinu. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér málið er bent á að hafa samband við skrifstofu Búanna.

# Borgarnes

Unnið er að skipulagi á fyrirhuguðu svæði Búanna á Granastaðalandi í Borgarnesi. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 10 íbúðum í parhúsum sem snúa út á Sandvíkina og gæti verið fyrsti áfangi á svæðinu.



Myndin er tekinn af líkani sem sýnir staðsetningu íbúðanna við Sandvíkina og sést Borgarbraut fyrir ofan.

# Hveragerði

Þann 15. júní lauk seinni áfanga Búanna við Réttarheiði í Hveragerði og voru íbúðirnar afhenta eigendum sínum þann dag. Nú eiga Búmenn því 16 íbúðir í parhúsum með sólskála á lóð félagsins í Hveragerði.



Myndin sýnir íbúðir við Réttarheiði 29-43 í Hveragerði

# Höfuð- borgar- svæðið

Um mitt næsta ár lýkur uppbyggingu Búanna við Grænlandsleið í Grafarholti og verða þá komnar 130 íbúðir í notkun í Reykjavík, 39 íbúðir í Kópavogi og 18 íbúðir í Bessastaðahreppi eða alls 187 íbúðir. Á undanföllum árum hefur mikið verið reynt að fá lóðir í Hafnarfirði, Garðabæ og Mosfellsbæ en án árangurs. Stjórn Búanna ákvað nýlega að leggja meiri áhersla á að funda með stjórnendum sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu til þess að reyna að tryggja áframhaldandi uppbyggingu þar enda rúmlega helmingur félagsmanna af því svæði.

# Grindavík

Nýlega var Búmönnum úthlutað lóðum fyrir 10 íbúðir á lóð við Dvalar- og Hjúkrunarheimilið Víðihlíð í Grindavík. Á svæðinu hefur verið gert skipulag fyrir alls 20 litlar íbúðir í parhúsum sem gætu byggst upp í tveimur áföngum.

# Akranes

Þann 29. apríl s.l. var stofnfundur Akranesdeildar Búanna. Þetta var fjölmennur fundur og mikill hugur í mönnum. Þorsteinn Ragnarsson var kosinn formaður deildarinnar en hann er einnig formaður félags eldri borgara á Akranesi. Búmenn á Akranesi eru vongóðir um að fá úthlutað lóð inni í byggðinni sem er verið að skipulagga á vegum bæjarfélagsins fyrir átta raðhúsaíbúðir.

# Garður

Þann 20. febrúar s.l. voru 6 íbúðir afhentar í Garðinum. Þar með eru komnar 20 íbúðir í notkun. Nú er verið að byggja 8 íbúðir í Garði og er búið að selja búseturéttinn í þeim.



Myndin var tekin er Guðrún Jónsdóttir formaður Búanna afhenti íbúðirnar.

# Sumarlokun skrifstofu Búanna

Sú hefð hefur skapast að loka skrifstofu félagsins upp úr miðjum júlí fram í miðjan ágúst. Skrifstofan verður lokað frá 19. júlí til 16. ágúst.